



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á fjölskylduhátíð
í opinberri heimsókn til Akureyrar
11. apríl 2005**

Ágætu Akureyringar
Góðir gestir

Það hefur verið ánægjulegt fyrir okkur hjónin að kynnst því fyrir í dag hve ríkulega bjartsýni og metnaður setja svip á mannlífið hér á Akureyri, á skólana, atvinnulífið og menninguna.

Akureyri er bæði bær sögu, arfleifðar sem er þjóðinni kær, og bær framtíðar; áherslur ykkar og viðfangsefni sýna straumana sem móta munu þróunina, forsendur framfara á komandi árum.

Á vissan hátt hefur Akureyri verið þjóðlífsspegill, vettvangur þar sem gangan frá fátækt fyrri alda til velferðar á okkar tímum hefur markað djúp spor.

Hér standa gömlu húsin, litrík og svipsterk og minna okkur á það Ísland sem var.

Hér á gjörvöll verslunarsagan djúpar rætur, einokunin danska, selstöðutíminn, upphaf innlendra kaupmannastéttar og síðan Kaupfélagið; öll þessi skeið mótuðu sögu Akureyrar.

Hér gengu skáldin um götur og stræti, höfðingjar andans; kvæðin kjörgripir þjóðarinnar. Þið eigið heiður skilinn fyrir hve vel Akureyri hefur varðveitt heimili þjóðskáldanna, húsin eru menningarminjar sem Íslendingar meta mikils.

Hér hafa blómaskeið atvinnulífsins á liðinni öld sett sterkan svip á bæjarbrag. Iðnaðarfyrirtækin, mjólkurstöðin og úrvinnsla úr afurðum landbúnaðar, fataframleiðsla og skipasmíðar, útgerð og fiskvinnsla – Akureyri ávallt í forystunni, vísaði veginn með nýrri tækni, aðferðum og skipulagi sem tók mið af markaðssetningu víða um heim.

Akureyri varð snemma alþjóðleg viðskiptastöð og er svo enn – já, með glæsibrag á okkar tímum.

Mér er minnisstætt þegar við komum hingað fyrir fáeinum árum með forseta Finnlands og fengum Samherja og ÚA til að standa saman að kynningu á hinum alþjóðlega sjávarútvegi sem á hér heimavöll. Sýnd voru á mynd öll skipin tengd Akureyri sem þá dagsstund voru að veiðum um veröld víða og einnig staðirnir þar sem vinnslan fór fram. Hinir tignu finnsku gestir lýstu í senn undrun og aðdáun á því hvernig bær á stærð við Akureyri gæti verið slík kraftstöð í heimsviðskiptum með sjávarafli. Við sögðum til skýringar: Ja, svona eru Norðlendingar!

Hér hefur löngum verið hugsað stórt. Skólarnir á Akureyri hafa verið stolt bæjarbúa og ávísun á framtíðina. Barnaskólinn stofnaður sama árið og konungur færði Íslendingum fyrstu stjórnarskrána, gagnfræðaskólinn fluttur fyrir röskri öld frá Möðruvöllum til Akureyrar og gerður að menntaskóla alþingishátíðarárið. Merkilegt að þessi hátíðarár í sögu þjóðarinnar, 1874 og 1930, skulu líka vera upphafsár í menntasögu Akureyrar; en það sýnir eins og margt fleira hvernig Akureyri tengist framþróun þjóðarinnar.

Og svo kom Háskólinn fyrir tæpum tuttugu árum og þá fannst mörgum fyrir sunnan skörin aldeilis færast upp í bekkinn; það væri feigðarflan að ætla að byggja upp háskóla á Akureyri. Enn á ný reyndust þið þó vera á undan öðrum og nú þykir sjálfsagt að hafa háskóla víða um land. Í heimahögum mínum á Ísafirði vilja bæjarbúar bætast í háskólahópinn, slást í för með ykkur og Borgfirðingum.

Háskólinn á Akureyri hefur reynst merkur brautryðjandi og það hefur verið mér mikil ánægja að taka þátt í því að efla tengsl hans við vísindastofnanir víða um heim, vera vitni að undirritun samstarfssamninga við háskóla bæði í Rússlandi og Ameríku.

Háskólinn ykkar er orðinn miðstöð í málefnum Norðurslóða, verkefnum sem tengja saman fræðimenn og forystufólk á svæðum sem ná yfir gervallt Rússland frá Síberíu í austri til Murmansk í vestri, einnig yfir Norðurlönd öll, Grænland, og Kanada þvert og allt til Alaska, nyrsta hluta hins volduga ríkis sem hefur Washington að höfuðborg.

Það er vissulega mikið í fang færst, að efla og þróa samvinnu á svo víðfeðmum svæðum, en engu að síður er það afar brýnt á okkar tímum.

Norðurslóðir geyma helsta orkuforðabúr jarðarinnar, þar er að finna um fjórðung vannýttrar orku heimsins.

Á Norðurslóðum er skýrastur vitnisburður um breytingar á loftslagi jarðarinnar, bráðnun íss og jökla, hafstrauma, fiskigegnd, gróður og

dýralíf – upplýsingar um hvað er að gerast, hvort og þá í hve ríkum mæli mannkyni stafar hætta af loftslagsbreytingunum.

Á Norðurslóðum kann að opnast ný siglingaleið milli Evrópu og Asíu og reyndar líka milli Asíu og Ameríku og yrði sú opnun áþekk bylting í heimsviðskiptunum og Suezskurðurinn á sínum tíma.

Já, Norðurslóðir eru orðnar eitt mikilvægasta svæði jarðarinnar og samvinna ríkja og þjóða sem þar eiga hagsmuna að gæta mun reynast afdrifarík á komandi árum. Sú samvinna er vissulega meðal mikilvægustu vegvísa nýrrar aldar og á þessu sviði skipar Akureyri nú þegar öndvegi.

Í málefnum Norðurslóða er Akureyri hin eiginlega höfuðborg okkar Íslendinga. Hér er miðstöð Rannsóknarþings Norðurslóða, vettvangs fyrir hundruð fræðimanna og áhrifafólks víða að úr veröldinni. Hér er líka stofnun Vilhjálms Stefánssonar sem nýtur virðingar fyrir framlag sitt, einkum þátt í merkri skýrslu um þróun mannlífs á Norðurslóðum.

Akureyri er lykilstöð í áhrifakeðju sem tengir saman um norðrið þau merku lönd sem ég nefndi áðan og mikilvægt er að vel takist með framhaldið á næstu árum.

Framtíðin er það sem öllu skiptir og ég hef skynjað sterkt fyrr í dag að sú hugsun er ríkur þáttur í áformum á mörgum sviðum hér í bænum.

Ef til vill höfum við Íslendingar í umræðum um byggðavandann horft um of til aðstæðna á fyrri tímum, leitast við að endurvekja blómaskeið í greinum sem geta aldrei aftur átt sömu möguleika og fyrrum. Heimurinn breytist og við verðum að taka mið af aðstæðunum, skynja kjarna nýrra tíma, færa okkur í nyt tækifærin sem eru að skapast.

Þennan sóknarhug finn ég í bænum og kannski sést hann best þegar horft er á framþróunina í menntamálum og á atvinnugreinar þar sem hæfileikar og hugvit ráða för.

Akureyri er stóriðjubær í menntamálum og árangurinn glæsilegri en nokkur gat órað fyrir. Þið getið sannarlega horft stolt yfir völlinn, árangurinn sem þegar hefur náðst traust undirstaða nýrrar sóknar.

Akureyri býr yfir lærdómsríku dæmasafni þegar rætt er um byggðaðróun framtíðarinnar og ég hvet ykkur eindregið til að láta á komandi árum að ykkur kveða í umræðunni.

Þið hafið miklu að miðla – líka því hve áriðandi er að listir og menning séu ofarlega á baugi í umræðu um byggðaðróun.

Metnaður leikfélagsins og listasafnsins vekur aðdáun víða um land. Hér getur oft að líta vaxtarbroddinn í menningarlífi okkar Íslendinga.

Sýningar á verkum Rembrandts og á indverskri list, sýningar helgaðar framúrstefnu sem mörgum er framandi – allt er þetta vitnisburður um að hér er hugsað á heimsvísu í menningarmálum, að Akureyri er með heimsborgarabrag í listalífi.

Kannski er það einmitt kjarninn bæði í atvinnulífi, skólamálum og menningunni: að hafa framtíðarsýn á heimsvísu, framtíðarsýn þar sem Akureyri nýtir tækifærin sem gefast hvar sem er í veröldinni – að hafa norðlenskar rætur en nota heiminn allan sem vettvang framfaranna.

Dæmin sanna að það er hægt. En arfleifðin verður þó áfram sterk. Það þekkjum við vel sem ólumst upp við sögur Nonna, ævintýrin frá Akureyri, undraveröld sem heillaði alla.

Ég kynntist því líka vestur á fjörðum í leik með vinum mínum sem alist höfðu upp hér á Akureyri, sonum Höskuldar sem lengi bakaði brauðin hjá KEA, að íþróttalífið á Akureyri væri engu líkt, og knáir kappar í hverju liði. Íþróttabærinn Akureyri hefur löngum verið öfundarefni öðrum byggðarlögum og fögnuðurinn hér ávallt mikill þegar frækin lið færa bikara heim.

Sjúkrahúsið á Akureyri skipaði einnig sérstakan sess heima hjá mér því hingað kom móðir mín, berklaveik og nánast dauðvona og Guðmundur Karl yfirlæknir hjó úr henni ellefu rif, en það gaf henni líf og heilsu í áratugi. Ætíð síðan hugsum við með þakklæti til lækna og hjúkrunarfólks hér á Akureyri.

Með þá þökk í huga kem ég hingað á ný og við Dorrit þökkum ykkur fyrir hlýhug og vináttu sem við höfum hvarvetna fundið, óskum ykkur öllum farsældar á komandi árum og hlökkum til að verða áfram vitni að frekari framfarasporum hér í bænum.